

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 111/2010**

**frá 1. október 2010**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2010 frá 12. mars 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 220/2010 frá 16. mars 2010 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2013 til 2015 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18a0 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 20/2009) í XXI. viðauka við samninginn:

„18ap. **32010 R 0220**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 220/2010 frá 16. mars 2010 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2013 til 2015 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 220/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.